

**Tillaga til ályktunar**

– Réttindatekjur og þáttökugjöld –

**Tillagan hljóðar svona:**

Lagt er til að ársþing KSÍ 2024 samþykki eftirfarandi breytingu á reglugerð um knattspyrnumót.

Það sem lagt er til að falli út er ~~yfirstrikað~~ en það sem lagt er til að bætist við er **rauðmerkt**. Tillagðar breytingar eru eftirfarandi:

## 13. grein – Þáttökuréttur

- 13.3 ~~Stjórn KSÍ skal ákveða þáttökugjöld í mótum á vegum KSÍ.~~ **Stjórn KSÍ skal gera tillögu að þáttökugjöldum í mótum á vegum KSÍ og leggja fyrir ársþing til samþykktar samhliða fjárhagsáætlun.**

## 23. grein - Meistaraflokkur karla

- 23.2.10 Tekjur vegna sjónvarpsréttinda, markaðsréttinda, nafnaréttinda og annarrar markaðssetningar í bikarkeppni skulu skiptast á milli þáttökuliða í aðalkeppni að frádregnum kostnaði KSÍ við keppnina. **Frádráttur vegna kostnaðar við keppnina skal þó aldrei nema meira en 25% af tekjum keppninnar að meðtöldum þáttökugjöldum sem félögin greiða.**

Samsvarandi breytingar gerðar varðandi bikarkeppni kvenna í grein 29.2.6.

**Greinargerð**

Breyting var gerð á ákvæði 23.2.10 og 29.2.6 í reglugerð um knattspyrnumót á þann veg að kostnaður vegna bikarkeppni skyldi dragast frá tekjum vegna réttindasölu keppninnar og þar með lækka verulega þær tekjur sem félögin hafa af þáttöku í aðalkeppni bikarkeppninnar. Ekkert hámark er á því hver kostnaður af keppninni getur verið og því illmögulegt fyrir aðildarfélögin að vita fyrirfram hverjar hugsanlegar tekjur af keppninni verða á hverju ári. Með því að ramma inn hámark kostnaðar hverju sinni er einfaldlega verið ýta undir að aðhalds sé gætt og að félögin viti nokkurn veginn hverjar tekjur geta verið að þáttöku í keppninni.

**Stjórn ÍTF**